



STJÓRNARFUNDUR SKRIFSTOFU SSNV Á HVAMMSTANGA
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER 2011.

Þriðjudaginn 4. Október kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mætt voru: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Skúli Þórðarson boðaði forföll.

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri SSNV málefna fatlaðra sat fundinn undir 1. lið og Svanfríður Jónasdóttir var í símasambandi. Sólrún Júlíusdóttir boðaði forföll.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnáði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 27.07.2011.** GSG kynnti einstaka liði. Vegna liðar 2. samþykkir stjórn framlagðar verklagsreglur um ráðningar starfsmanna.
- b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 23.08.2011.** GSG kynnti einstaka liði
- c. **Fundargerð þjónustuhóps frá 30.08.2011.** GSG kynnti einstaka liði
- d. **Fundargerð þjónustuhóps frá 14.09.2011.** GSG kynnti einstaka liði. Vegna 5. liðar *samþykkir stjórn að það fyrirkomulag sem verið hefur vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabaran gildi út árið 2011. Byggðasamlagið sendi sameiginlega umsóknir frá sveitarfélögum vegna þeirrar þjónustu sem veitt er. Sveitarfélögin sendi verkefnisstjóra yfirlit yfir einstaklinga og kostnað vegna lengdar viðveru á vorönn 2011.*
- e. **Fundargerð þjónustuhóps frá 30.09.2011.** GSG kynnti einstaka liði.
- f. **Tillaga að verklagi vegna endurskoðunar á skipulagi byggðasamlagsins.** Umræður urðu um málið. *Stjórn samþykkir að farið verði í endurmetið í ársbyrjun 2012 þegar tekjuskipting Jöfnunarsjóðs liggur fyrir. Fyrirkomulag einstakra verkefna verði endurmetið samhliða endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2012, sem unnin verður þegar upplýsingar um fjármagn og þjónustubörf liggja fyrir.*
- g. **Endurskoðun búsetustefnu.** GSG fór yfir nokkur atriði er snúa að vinnu við endurskoðun búsetustefnu. Skoða þarf stefnuna m.a. m.t.t til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ný lög og reglugerðir er varða þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum og húsnæðismál. Óskað hefur verið tilnefningar fulltrúa Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar sem ásamt stjórn byggðasamlagsins vinna að endurskoðun stefnunnar. *Stjórn felur verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra að vinna að endurskoðun núverandi texta í stefnunni í samræmi við framangreint. Stjórnar- og nefndarfólk verði upplýst um framvindu vinnunnar á stjórnarfundum og með tölvupósti.*

2. SSNV

- a. **Ályktanir ársþings – eftirfylgni.** Ályktanir 19. ársþings lagðar fram. Ályktanir hafa verið senda þingmönnum NV kjördæmis og ráðherrum ríkisstjórnarinnar til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að óska funda með viðkomandi ráðuneytum til þess að fylgja málum eftir.



Undir þessum lið var einnig umræða um nýútkomið fjárlagafrumvarp og útkomu Norðurlands vestra þar.

Framkvæmdastjóri upplýsti að starfsmenn SSNV vinna að greiningu á útkomu fjárlagafrumvarpsins á stofnanir og verkefni á Norðurlandi vestra. Formanni falið að óska eftir fundi með oddvitum ríkisstjórnarflokkana þar sem rædd yrði erfið byggðaleg staða Norðurlands vestra.

Samþykkt að boða umdæmisstjóra Vegagerðarinnar í NV kjördæmi til fundar við stjórn SSNV.

Samþykkt að boða framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra til fundar um áhrif boðaðs niðurskurðar á starfsemi stofnanna á Norðurlandi vestra. Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Stjórn SSNV lýsir yfir andstöðu við áframhaldandi stórfelldan niðurskurð á fjárframlögum til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra sem kynnt er í frumvarpi til fjárlaga árið 2012. Boðaður niðurskurður mun vafalítið valda fækkun starfa á svæðinu, þá sérstaklega kvennastarfa, sem gengur þvert gegn hugmyndum ríkisstjórnar Íslands um kynjaða hagstjórn. Niðurskurðurinn rýrir einnig búsetuskilyrði stórlega og veltir auknum kostnaði yfir á íbúa sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu um langan veg.

Loks átelur stjórnin samráðsleysi og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru þegar boðuð er grundvallarstefnubreyting á veitingu heilbrigðisþjónustu í landinu. Þetta er gert án þess að fyrir liggi opinber stefna um veitingu þjónustunnar sem og án þess að fyrir liggi greining á samfélagslegum áhrifum niðurskurðarinnar sem og áhrifa á önnur kerfi s.s félagsþjónustu sveitarfélagana. Þessi vinnubrögð ganga þvert gegn loforðum um auknið samráð ríkisins við heimamenn sem unnið að undir merkjum Ísland 20/20.

b. Sameiginleg barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra – máli vísað til stjórnar frá 19. ársþingi til loka útfærslu og fullnaðar afgreiðslu.


Formaður lagði fram tillögu um að skipuð yrði 3 manna starfshópur sem vinni að loka útfærslu tillögunnar. Stjórn tilnefnir Skúla Þórðarson fulltrúa Húnaþingi vestra, Magnús B. Jónsson fulltrúa A- Hún og Ástu Pálmadóttir fulltrúa Skagafjarðar. Framkvæmdastjóri kalli hópinn saman og vinni með honum. Hópurinn skili niðurstöðum til stjórnar SSNV fyrir árslok 2011.

c. Almenningsamgöngur á Norðurlandi vestra – staða mála. Umræður urðu um stöðu mála varðandi samninga við Vegagerðina um yfirfærslu Almenningsamgangna á Norðurlandi vestra til SSNV. Lögð fram drög að samningi við Vegagerðina varðandi málið. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

d. Gátlisti og umræðuskjal nefndar Innanríkisráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigins. Lagt fram til kynningar. *Stjórn SSNV tekur undir skoðun nefndarinnar um að landshlutasamtökin verði eflað. Stjórnin hvetur til þess að reglum jöfnunarsjóðs verði breytt á þann hátt að landshlutasamtökin geti fengið endurgreiddan kostnað vegna verkefna sem þau taka að sér með samningum við ríkið þótt verkin tengist ekki beint sameiningum sveitarfélaga líkt og nefndin leggur til.*

e. Landshlutaáætlun Norðurlands vestra – staða mála og næstu skref.

Lögð fram til kynningar gögn frá fundi samráðsnefndar um gerð sóknaráætlana landshluta. Rætt um næstu skref í sóknaráætlunavinnu á



Norðurlandi vestra m.a vinnu við myndun vinnuhópa um einstaka málaflokka. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. SSNV atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa.** Framkvæmdastjóri lagði yfirlit og kynnti einstaka verkefni.
- b. **Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.** Lögð fram lokadrög Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra undirritun.
- c. **Dagur atvinnulífsins 2011.** Lagt fram minnisblað um Dag atvinnulífsins 2011 sem haldinn verður í Skagafirði fimmtudaginn 17. nóvember 2011. Rætt um dagskrá og tilnefningar til hvatningarverðlauna SSNV atvinnuþróunar. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

4. Bréf og fundargerðir

- a. **Bréf undirbúningshóps um klasamyndun í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra dags 14.júlí 2011.** Bréfið lagt fram til kynningar. Samþykkt að boða forstöðumann Fræðaseturs Háskóla Íslands á Skagaströnd til næsta fundar, sem jafnframt er einn bréfitara.
- b. **Bréf umhverfisráðuneytisins dags 26. september 2011.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 9. September 2011.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:00.
Jón Óskar Pétursson fundarritari